

— **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Rvík um yfirsetunám í Kaupmannahöfn.** 209
 — Ráðgjafinn hefir tjáð mjer í brjefi 12. septbr. þ. á., að þjer, herra bæjarfógeti, hafið sótt til 4. nóv.

Stadfeldts prófessors í Kaupmannah. um, að Ólöfu Sigurðardóttur yrði veitt viðtaka og frípláss á fæðingarstofnuninni, en að prófessorinn hafi snúið sjer með brjefið til ráðgjafans, og hafi Ólöfu síðan verið veitt viðtaka á stofnunina og frípláss þar; hefir ráðgjafinn lagt fyrir mig að skýra yður frá þessu, en brýna það jafnframt fyrir bæjarstjórninni, að áður en hún gjörði neinar ráðstafanir til að senda Ólöfu til Hafnar, hefði hún átt að snúa sjer til landshöfðingja og skora á hann að umgangast það, að útvegað yrði leyfi stjórnar fæðingarstofnunarinnar til þess, að stúlkan fengi inntöku á stofnunina.

Um leið og jeg skýri yður frá þessu, skal jeg og, eftir tilefni, sem ráðgjafinn hefir til þess gefið, eigi hjá líða láta að tjá yður, að Reykjavíkurbæ, sem er það sveitarfélag, er sent hefir Ólöfu til náms, ber að endurgreiða, þá er krafizt verður, kostnað þann, er fram er lagður fyrir hana, auk ferða- og kennslukostnaðar, þar á meðal fyrir fót, þvott o. s. frv.

Amtsráðsskýrslur.

210

Fundur amtsráðsins í Vesturamtinu 18.—20. júlí 1882.

Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum sýslumanni Sigurði Sverrissyni og jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1881; var hann yfirskoðaður og fannst ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1881; og benti jafnframt á, að kvittun yantaði fyrir 50 kr. styrk, er veittur hafði verið Kolbeinsstaðahreppi; var reikningurinn yfirskoðaður, og fannst að öðru leyti ekkert við hann að athuga.
3. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu árið 1881, var hann yfirskoðaður og fannst ekkert við hann að athuga.
4. Amtsráðið samþykkti að forseti hafði samið við búfræðing Svein Sveinsson í sameiningu við forseta búnaðarfélags suðuramtsins um það, að hann skyldi ferðast á þessu sumri í nokkrum sýslum í greindum ömtum, til að leiðbeina mönnum í jarðabótum og búnaði, og að hann hafði heitið að greiða laun hans að vesturamtsins hluta af því fje, er amtsráðið hefði til umráða; en upphæð launnanna hafði fyrir allt sumarið verið ákveðin 800 kr., og var gjört ráð fyrir, að helmingur þar af yrði greiddur frá suðuramtinu.
5. Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði ákveðið, að vesturamtið fengi 1500 kr., af því fje, sem í fjárlaganna 10. gr. C. 5. b. er veitt til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum, og að amtsráðinu hefði verið falið á hendur að skipta fje þessu milli sýsluvega í amtinu.

Amtsráðið veitti af fje þessu 300 kr. til Mýrasýslu, til að endurbæta hraunveginn á aðalpóstleiðinni eftir Norðurárdal, og til nauðsynlegustu endurbóta annarstaðar á aðalpóstleiðinni gegn um sýsluna, móti jafnri upphæð úr sýslusjóði. Enn fremur veitti amtsráðið af fje þessu 125 kr. til Strandasýslu til að greiða helming

210

- eptirstöðvanna af láni til vegagjörðar á sýsluvegakaflanum milli Grænumýrartungu og Mela, móti því að sýsluvegasjóðurinn greiddi hinn helming nefndra eptirstöðva.
6. Landshöfðinginn hafði beiðzt álits amtsráðsins um það, hvort premierlieutenant Trolle, er hafði sótt um 2000 kr. styrk úr landssjóði til að halda á fram að rann-saka fiskiveiðarnar við Ísland, skyldi öðlast slíkan styrk af fje því, er ætlað er til eflingar búnaði, en amtsráðið sá sjer ekki fært að mæla fram með þessari fjár-veitingu.
 7. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld bókasafns vesturamtsins fyrir árið 1881; var hann yfirskoðaður og fannst ekkert við hann að athuga.
 8. Amtsráðið ályktaði að beina til landshöfðingjans fyrirspurn sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um það, hvort borgunin fyrir ritföng handa hreppstjórum skyldi greið-ast úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.
 9. Samkvæmt tillögu sýslunefndarinnar í Ísafjardarsýslu fjellst amtsráðið á, að vegur-inn yfir Óshlíð yrði gjörður að sýsluvegi. Í tilefni af tillögum hinnar sömu sýslu-nefndar fól amtsráðið forseta á hendur að sjá um, að fjallvegurinn yfir Steingríms-fjarðarheiði yrði varðaður, ef unnt væri fyrir næstkomandi vetur; en jafnframt skýrði forseti frá, að á þessu sumri yrði byrjað að gjöra við veginn yfir Þorskafjarðar-heiði, sem sýslunefndin einnig hafði farið fram á, að yrði endurbættur sem fyrst.
 10. Sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafði sent amtsráðinu tillögur sínar um, að stofn-aður yrði á Hvanneyri í Borgarfirði sameiginlegur búnaðarskóli fyrir suðuramtið og vesturamtið. En þar eð stofnun slíks búnaðarskóla mundi gjöra það að verkum, að vesturamtið yrði að taka allstórt lán, og með því legðist þung byrði á amtsbúa, þá sá amtsráðið sjer ekki fært, þegar af þessari ástæðu að gjöra eins og nú er ástatt neinar ráðstafanir til að koma hinn umræddu skólstofnun á fót, þar sem ástand-ið er svo ísýggilegt, að hallæri vofir yfir nokkrum hluta amtsins, svo að það virt-ist með öllu ógjörningur að leggja nýja byrði á amtsbúa í þessu skyni.
 11. Forseti lagði fram skýrslu um kennslustofnunina í Ólafsdal fyrir kennsluárið 1881—82, og höfðu eptir henni 5 piltar lokið námi sínu við stofnunina, og gengið þar undir próf eptir tveggja ára veru á stofnuninni, hinn 16. og 17. júní þ. á., að við-stöddum tveim prófdómendum, tilkvöddum af amtmanni, nefnilega jarðyrkjumanni Halldóri Jónssyni á Laugabóli og bóndanum Eggert Jónssyni á Kleifum. Enn fremur skýrði forseti frá, að 10 piltar yrðu á kennslustofnuninni árið 1882—83.
- Forstöðumaður kennslustofnunarinnar hafði farið fram á að breytt yrði fyr-irkomulagi hennar, að því leyti: 1. að kennslugreinum yrði fjölgað þannig, að bætt væri við húsdýrafræði og ágripi af eðlisfræði; 2. að bóknámstíminn yrði á-kveðin 48 stundir á viku frá 1. nóv. til 30. apr. og 3. að meðgjöfin sje aukin með 50 kr. fyrir hvern pilt á ári, þannig að hún sje alls 400 kr. fyrir 2 ár. Amtsráðið fjellst á þá breytingu á fyrirkomulagi kennslunnar, sem getið er undir 1. og 2. tölul.; en þótt ráðið áliti, að viðbót sú við meðgjöfina með kennslupiltunum, sem farið hafði verið fram á, ekki væri of há, sá ráðið sjer ekki fært að ætla meira en 40 kr. viðbót handa hverjum þeirra 10 pilta, sem nú eru á stofnuninni. Eigi gat amtsráðið heldur sökum fjeleysis tekið til greina þá uppástungu forstöðumannsins, að settur yrði við stofnunina fastur kennari.
12. Forseti gaf eptirfylgjandi skýrslu um það fje, er amtsráð vesturamtsins þetta ár hefir umráð yfir og atkvæði um:

Kr. Au. 210

1. Tekjur búnaðarsjóðs vesturamtsins	400	00
2. Vesturamtsins hluti af því fje, sem veitt er í fjárlögum til eflingar búnaði	2466	66
	til samans:	2866 66

Amtsráðið ályktaði að verja skyldi fje þessu á þann hátt, er nú skal greina:

1. Upp í laun handa Sveini búfræðingi Sveinssyni (sjá 4. tölulið að ofan) 400 kr.
2. Til kennslustofnunarinnar í Ólafsdal:
 - a. Meðgjöf með 10 pílum: 240 kr. með hverjum hinna 5 yngri, og
140 kr. með hverjum hinna 5 eldri 1900 kr.
 - b. Til viðhalds verkferum 100 kr.
 - c. Kostnaður við burtfararpróf (borgun til tveggja prófdómenda) . . . 60 —
- 2060 kr.
3. Styrkur til launa handa tveim jarðyrkjumönnum í Strandasýslu . . . 200 kr.
4. Styrkur til Jósefs Jakobssonar á Sauðafelli til að ferðast til Skotlands
til að auka þekkingu sína í búfræði , 150 —
13. Forseti lagði enn fremur fram nokkur bónarbrjef frá búnaðarfjælögum og einstökum
mönnum um styrk af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði; en með því búið er
að ráðstafa, svo sem að ofan er skýrt frá, nálega öllu því fje, er amtsráðið hefir til
umráða, urðu bónarbrjef þessi ekki tekin til greina, enda áleit amtsráðið, að þau öll
væru þannig vaxin, að þau ættu að standa á baki þeim fjárveitingum, sem amts-
ráðið hefir gjört ályktanir um, og að ofan eru til færðar undir 12. tölulið.
14. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Strandasýslu mætti taka
2000 kr. lán úr landssjóði til alþýðuskólastofnunarinnar á Felli í Kollafirði.
15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem
skýrt er frá, að sýslunefndin upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins hafi skuld-
bundið sig, að tiltölu við aðrar sýslur í vesturamtinu, til endurborgunar á 25000 kr.,
sem vænta mætti veittar af landssjóði til búnaðarskólastofnunar í vesturamtinu.
En amtsráðið fann eptir málavöxtum ekki ástæðu til að staðfesta þessa skuldbind-
ing sýslunefndarinnar með samþykki sínu, enda var heldur ekki farið fram á það
í brjefi sýslumannsins.
16. Hreppsnefndin í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu hafði sent amtsráðinu umkvörtun yfir
því, að vegurinn yfir kaupstaðarlóðina á Ísafirði milli þeirra parta hreppsins, er
liggja báðu megin að kaupstaðnum, væri á óhentugum stað. En eptir þeim
skýrslum, er amtsráðið hafði fengið um málið frá sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu
og bæjarstjórninni á Ísafirði, fann amtsráðið ekki ástæðu til að hlutast neitt til
um málefni þetta.
17. Var rædd beiðni sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að útvegað
yrði fje úr landssjóði, 300—400 kr. til viðgjörðar við Rífsós til þess að bæta lend-
inguna þar, eða ef þetta ekki fengist, að amtsráðið leyfði, að verja mætti tveggja ára
vegabóttagjaldi Neshrepps ytri til þessa fyrirtækis. En áður en nokkuð yrði af ráðið
í þessu efni, áleit amtsráðið, að nauðsynlegt væri að útvega áreiðanlega áætlun um
kostnaðinn, og fól forseta að hlutast til um, að Sveinn búfræðingur Sveinsson á
ferð sinni í sýslunni í sumar gjörði slíka áætlun. Jafnframt athugaði amtsráðið,
að ekki mundi heimild til að verja neinu af sýsluvegagjaldinu til þessa fyrirtækis;
en þar eð sýslunefndinni eptir sveitarstjórnarlaganna 39. gr. 1. ber að hafa um-

210

sjón um lendingar í sýslunni og gjöra ráðstafanir þær, er með þarf í því tilliti, áleit amtsráðið, að sýslunefndin mundi geta greitt kostnað þennan úr sýslusjóði af hinu niðurjafnaða sýslusjóðsgjaldi.

18. Þar eð sýsluvegirnir í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu ekki liggja á neinni aðal-póstleið, sá amtsráðið sjer ekki fært að taka til greina beiðni sýslunefndarinnar í greindri sýslu, um að lagt yrði til sýsluveganna í þeirri sýslu nokkuð af því fje, sem veitt er til sýsluvega á aðalpóstleiðum, vegna þeirrar ákvörðunar, sem gjörð er um fjárveitingu þessa í fjárlaganna 10. gr. C. 5. b.
19. Eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar ákvað amtsráðið, að vegurinn eptir endi-löngum Breiðuvíkurbreppi hjer eptir skyldi vera sýsluvegur (smb. fundarskýrslu amtsráðsins 1880. Stjtið B. 1880 bls. 140).
20. Forseti skýrði frá, að til sín hefði komið beiðni frá stjórnarnefnd kvennaskólans í Reykjavík um áþekkan styrk til skóla þessa og að undanfögnu, 150 kr. En þar eð nauðsynlegt þótti að takmarka sem mest gjöld jafnaðarsjóðsins sökum hins bág-borna ástands, sá amtsráðið sjer ekki fært að veita þetta fje,
21. Sýslunefndin í Dalasýslu hafði beiðzt samþykkis amtsráðsins til að mega taka nú þegar 4000 kr. lán til að afstýra hallæri í sýslunni, og síðar (í haust og á komandi vori) 1000 kr. lán í sama augnamiði, ef þess yrði þörf. Amtsráðið veitti hið um-beðna samþykki, þó þannig að ekki mætti taka hið síðarnefnda lán fyrri en eptir að sýslunefndin hefði íhugað málið að nýju, og þá komizt að þeirri niðurstöðu, að lán þetta væri óumflýjanlega nauðsynlegt.
22. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og út-skript úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi yfirvofandi hallæri í sýslunni; hafði sýslunefndin eigi viljað ráðast í að biðja um lán handa sýslunni til að afstýra þessu hallæri, en farið fram á, að landstjórnin veitti í þessu skyni úr landssjóði gefins fjárstyrk, og gjört ráð fyrir, að þessi styrkur mætti ekki minni vera en 25—30,000 kr.

Amtsráðið fól forseta á hendur að bera málefni þetta upp fyrir landshöfðingj-anum, og að lýsa yfir því álitu amtsráðsins, að ástandið í sýslunni sje svo ískyggi-legt, að ekki geti hjá því farið, að stór vandræði beri að höndum, ef sýslufjelagið ekki á einhvern hátt fái verulegan styrk til að afstýra þeim. En jafnframt fann amtsráðið ástæðu til að brýna fyrir sýslunefndinni, að þar eð sú skylda hvíli á henni eptir sveitarstjórnarlögunum, að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallæri, þá beri henni, ef kostur er á, að gjöra í þessu tilliti þær ráðstafanir, sem líkindi eru til, að komið geti að haldi, en að beiðni um gefins fjárstyrk úr landssjóði muni eptir stjórnarlögum landsins og samkvæmt því, sem tekið er fram í brjefi lands-höfðingjans 26. júní þ. á., verða árangurslaus að sinni, og að amtsráðinu þess vegna virtist sýslunefndin taka upp á sig mikla ábyrgð með því að hafna því láni, að upp-hæð 10,000 kr., er henni með vissum skilyrðum hefir verið gefinn kostur á í nefndu brjefi landshöfðingjans; en þessa lántöku mundi amtsráðið ekki hafa hikað við að samþykkja, ef slíks samþykkis hefði verið leitað, enda virðist og mega treysta því, að fjárveitingarvald landsins, þegar til þess atkvæðis kæmi, mundi setja þær á-kvarðanir um lán, er fátækt sýslufjelag hefði neyðzt til að taka til að afstýra hall-æri, að sú byrði, sem það með þessu hefði lagt á sig, ekki yrði því óþarileg.

Alþingismennirnir í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Barða-strandarsýslu höfðu og í brjefi til amtsráðsins lýst yfir því álitu, að sýslunefndin hefði ekki átt að hafna því láni, er kostur var á að fá, og farið fram á, að amts-

- ráðið sjái um, að mögulegleiki verði fyrir sýslunefndina á þessu sumri til að fá nokkurra þúsund króna lán. Amtsráðið fól forseta á hendur hið nauðsynlega umboð í þessu tilliti.
23. Alþingismaður Barðstrendinga, prófastur síra Eiríkur Kuld, hafði skýrt amtsráðinu frá, að ástandið í sumum hreppum í nefndri sýslu væri mjög ískyggilegt vegna mikils fjenaðarfellis, og óskaði, að sýslan gæti fengið að minnsta kosti 2000 kr. lán til að afstýra hallæri, ef á þyrfti að halda. Amtsráðið fól forseta á hendur að gjöra fyrir sína hönd út um málið, og að veita samþykki til þess að lánið væri tekið, ef til þess kæmi.
24. Presturinn síra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli hafði hreift því við amtsráðið, hvort það fyndi ekki ástæðu til að áminna allar sýslunefndirnar í vesturumdæminu um að gæta þeirrar lagaskyldu sinnar, að gjöra í tíma ráðstafanir til að afstýra hallæri. En þar eð amtsráðinu þótti mega ganga að því vísu, að sýslunefndirnar mundu hafa athuga á þessu máli og vera sjer meðvitandi um skyldu sína, sem amtsráðinu einnig var kunnugt að hafði sýnt sig í flestum sýslum amtsins, fann amtsráðið ekki nægilegt tilefni til að gefa þeim neina almenna áminningu í þessu tilliti.
25. Hreppsnefndin í Staðarsveit hafði áfrýjað til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, lútandi að því, að Björn Arnfinnsson í Vatnsholti, er hafði gjört samtíund við föður sinn, ætti ekki að greiða aukaútsvar til sveitarsjóðsins. Þar eð amtsráðið áleit, að spurningin um þetta sjerstaka útsvar væri endilega útkljáð með úrskurði sýslunefndarinnar, ályktaði ráðið að vísa málinu frá sjer, en athugaði jafnframt, að spurningin um rjettan skilning á sveitarstjórnarlögunum heyrði undir úrlausn dómstólanna.
26. Voru fram lögð og yfirfarin eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna frá fundum þeirra:
- a. í Dalasýslu 30. maí þ. á.
 - b. - Strandasýslu 27. febr.—2. marz þ. á.
 - c. - Mýrasýslu 10. og 11. maí þ. á.
 - d. - Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 19.—21. apríl þ. á.
 - e. - Ísafjarðarsýslu 28.—31. marz þ. á.
- og faunst ekkert sjerstaklegt við þau að athuga.
27. Voru fram lagðir og yfirfarnir eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar:
- a. frá Mýrasýslu fyrir 1880 og 1881.
 - b. — Dalasýslu fyrir 1880.
 - c. — Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir 1881.
 - d. — Dalasýslu fyrir 1881.
- Við reikninga þessa, er höfðu verið yfirskoðaðir af kosnum endurskoðunar-mönnum samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, fann amtsráðið ekkert að athuga.
- Forseti skýrði frá, að hann hefði þegar beitt sektum til að fá hina vantandi sýslusjóðsreikninga frá Ísafjarðarsýslu fyrir árin 1879 og 1880, en að þessir reikningar væru enn ekki komnir, og að hann þess vegna hefði ásett sjer að gjöra nýjar ráðstafanir til að fá þá frá hlutaðeigandi embættismanni.
28. Amtsráðið samþykkti að kostnaðurinn við sjerprentun 100 exemplara af ritgjörð Törfa Bjarnasonar um framræslu yrði greiddur úr búnaðarsjóði vesturamtsins, og að ritgjörðinni yrði útbýtt ókeypis.

210 29. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Áætlan

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturumdæmisins fyrir árið 1883.

Tekjur:		Kr. a.
1. Í sjóði		500 00
2. Niðurjöfnun		2725 44
		<u>3225 44</u>
Gjöld:		Kr. a.
1. Til sakamála		" "
2. Til bólusetninga		350 00
3. Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		320 00
4. Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa		1605 44
5. Kostnaður við amtsráðið		350 00
6. Ýmisleg gjöld		100 00
7. Eptirstöðvar		500 00
		<u>3225 44</u>

30. Áður en fundi var slitið, kom bónarbrjef frá Flateyjarhreppi og frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu um 500 kr. lán handa greindum hreppi og 5000 kr. lán handa sýslunni. Í sambandi við það, sem áður hefir verið ályktað og frá er skýrt undir 23. tölulið, vildi amtsráðið eptir atvikum samþykkja og mæla með því, að sýslunni alls yrði veitt 5000 kr. lán.

Fleiri mál komu ekki fyrir á þessum fundi.

Meðan rætt var málefni það, sem frá er skýrt undir 11. tölulið að framan, sat vara-amtsráðsmaður, prófastur Guðmundur Einarsson, í amtsráðinu í stað Torfa Bjarnasonar.

Reykjavík, 16. október 1882.

Bergur Thorberg.

211

Reikningur

styrktarsjóðs Cristians konungs hins níunda frá 1. septbr. 1881 til 31. ágúst 1882.

Tekjur.		Kr. Au.
1. Eptirstöðvar frá fyrra reikningi (sjá Stj.tíð. 1881 B. 177).		8657 84
2. Vextir til 11. júní 1882.		346 "
Samtals:		<u>9003 84</u>
Gjöld.		kr. au. Kr. Au.
1. Heiðursgjafir veittar		
a. Kristni Magnússyni í Engey	200 "	
b. Bárði Sigurðssyni í Kollabø	120 "	320 "
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1882.		
a. innskriptarskírteini og konunglegt skuldabryf	8600 "	
b. sparisjóðsbók	83 84	8683 84
Samtals:		<u>9003 84</u>

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 16. oktbr. 1882.

Í fjarveru landshöfðingja

Bergur Thorberg

settur.

Jón Jónsson.